

Fundargerð Stjórnar FASK

5 fundur. 9. Nóv 2020 kl 13:00

1. Vinnufundur og skoðanakönnun - Haukur kynnir drög að fréttatilkynningu

Samþykkt að senda fréttatilkynninguna með þeim breytingum sem komu fram á fundinum á SVH og kynna hana á fundi n.k þriðjudag. Haukur og Anna María mæta á fundinn. Reynt verður að fá SVH til að standa sameiginlega að fréttatilkynningunni.

2. Aðalfundur í janúar - Búa til tímalínu fyrir aðalfund, hvenær á að auglýsa, hvernig félagsgjöldum skuli háttáð og útbúa dagskrá.

Hauki falið að skrifa minnisblað til að undirbúa aðalfund félagsins þar sem fram kemur dagskrá fundarins og tímalína. Ath með almenn lög félagasamtaka og auglýsingu aðalfundar.

Matthildur lagði til að 11. Janúar yrði undirbúningsfundur fyrir aðalfund. Auglýstur 12. Janúar og send út félagsgjöld til innheimtu og fundurinn verði haldinn 25 Janúar.

Rætt var um að hækka félagsgjald einstaklinga í samræmi við atkvæðisrétt.

Rætt var um hverjir ættu að hafa aðgang að félaginu, einstaklingar, fyrirtæki og félagasamtök, málinu vísað til frekari vinnu fyrir aðalfund.

3. Námskeið - Bergþóra kynnir möguleg námskeið og stjórn tekur ákvörðun um hvaða námskeið eigi að byrja að halda.

Laufey lagði til að Hagnýt mannauðsstjórnun yrði fyrir valinu sem fyrsta námskeið 7 klst. Samþykkt samhljóða. Næstu námskeið sem horft yrði til, Rekstraráætlanir fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki, Stafræn markaðssetning, google ads, facebook ads. Fyrst og fremst fyrir félagsmenn en almenningur getur einnig sótt námskeiðin gegn hærra gjaldi. Gjaldkera falið að útfæra nánar og auglýsa námskeið fyrir janúar mánuð.

4. Samstarf við RV - Matthildur kynnir hugmynd af auknu samstarfi milli RV og FSKS

Matthildur kynnti fortíðar vinnu FASK og Ríki Vatnajökuls. Lagði hún til að stjórn FASK og Ríki Vatnajökuls haldi sameiginlegan fund um sáttmála milli félaganna. Matthildur falið að undirbúa fundinn og útbúa dagskrá fyrir hann og senda á stjórn þegar því er lokið.

5. Aðdráttur inn á Höfn og Hvernig getum við komið local merki á laggirnar - Bergþóra og Laufey fara yfir hugmyndir sem stjórn hjálpar til við að móta.

FASK leggur til að SVH stuðli að samkeppni um “tik in a box” myndatöku svæði inn á Höfn. Verkefnið yrði til þess að draga fólk inn á svæðið til að taka “must do” mynd af sér sem skilar sér í auknum heimsóknum til Hafnar og Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Rætt var um local merki sem getur stuðlað að vörumerkjavakningu á vörum/þjónustu sem aðilar sem geta orðið að FASK geta nýtt í alla sýna markaðssetningu og með tíð og tíma skapað sérstöðu á íslenskum ferðamarkaði. Óska eftir samstarfi við VJÞ um að gera vörumerkinu hátt undir höfði, á helstu þjónustu útstöðvum og heimasíðu VJÞ

Matthildur fékk leyfi til að senda stjórn hugmyndir sínar að lógói og hugsjón til verkefnisins

6. Heimasíða FASK - hvaða upplýsingar eigum við að hafa inni ?

Rætt var um að koma upp helstu upplýsingum inn á heimasíðuna ferdaskaft.is. Svo sem lögum félagsins og helstu fréttum. Ágúst lagði til að halda síðunni lifandi með reglulegum fréttum, stuttum fréttum. Ágúst ætlar að útbúa leiðbeiningar hvernig stjórnarmenn geta sett in stuttar fréttir.

7. Fundargerð svæðisráðs - Laufey gerir grein fyrir helstu málefnum svæðisráðsins

Laufey, gerði grein fyrir helstu málum Svæðisráðs Vatnajökulspjóðgarðs. Gerði hún grein fyrir vinnu ALTA um skipulag innan Skaftafells. Gerði hún einnig grein fyrir áhugaverðum hlutum sem hafa gerst suður fyrir veg svo sem strönd, selveiðar og sjósókn. Fram komu áhugaverðir punktar um sögu svæðisins, svo sem útróður og eldri þjóðsögur sem mikilvægt er að varðveita. Laufey benti á Heimsmarkmið Sameinuðupjóðanna og hvatti til að fyrirtæki finni og tileinki sér a.m.k eitt markmið af þeim lista og auglýsi það út á við.

8. Markaðsstofa Suðurlands - Ágúst gerir grein fyrir helstu málefnum Markaðsstofunnar - Stöðu mála.

Ágúst gerði grein fyrir fyrsta fundi Markaðsstofunnar. Verið var að kynna starfið og helstu áherslur ásamt formannsskipti innan SASS.

Haukur gerði grein fyrir að fyrsta vinnufundi FASK og VJÞ er varðar úthlutun leyfa í íshella.